



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Hugvísindasvið

Skrímsli nýrra tíma

Sköpun nýrrar heimsmyndar í Frankenstein eftir Mary Shelley

Ritgerð til B.A.-prófs

Kjartan Yngvi Björnsson

Maí 2010

Háskóli Íslands
Hugvísindasvið
Almenn bókmenntafræði

Skrímsli nýrra tíma

Sköpun nýrrar heimsmyndar í Frankenstein eftir Mary Shelley

Ritgerð til B.A.-prófs

Kjartan Yngvi Björnsson

Kt.: 160384-2989

Leiðbeinandi: Björn Þór Vilhjálmsson

Maí 2010

Ágrip

Hér er skáldsagan *Frankenstein* (1818) eftir Mary Wollstonecraft Shelley tekin til greiningar með hliðsjón af texta Biblíunnar. Heilög ritning kristinna manna var án nokkurs vafa sá texti sem mest mótaði kristna evrópska hugsun um aldir og skáldsagan *Frankenstein* á vissulega í mikilvægum samræðum við þann texta. Þess vegna verður Biblían notuð til að skapa þann túlkunarramma sem greiningin á *Frankenstein* mun byggja á. Dregin verða fram þau atriði er varða siðferði og ábyrgð skapara á sköpunarverki sínu í báðum textum og samanburður gerður á þeim. Með þessi atriði til hliðsjónar verður skoðað hvernig líta má á skrímsli Frankenstein sem boðbera, eða jafnvel holdgerving, þeirrar nýju heimsmyndar veraldlegrar vísinda- og efahyggju sem var að ryðja sér til rúms um þær mundir sem skáldsagan var skrifuð. Í þessu tilliti verður heimspeki Hegel, nánar til tekið fyrirbærafræðin og þroskaferli sjálfsvitundarinnar, tekin til skoðunar í samhengi við þroskaferil skrímslisins. Verður þá stuðst við bók Hegel *Phenomenology of Spirit* ásamt grein Kristjáns Árnasonar um heimspeki Hegel, úr greinasafni hans *Hið fagra er satt*. Einnig verður skoðað hvernig skrímslið sem birtingarmynd þessarar nýju heimsmyndar kemur fram sem einskonar andstaða við hina gömlu gyðing-kristilegu heimsmynd sem ráðið hafði hugum manna í Evrópu um aldir.

Efnisyfirlit

Inngangur	1
1. kafli – Biblían	3
Sköpun mannsins og tilurð syndarinnar	3
Koma Krists og tilgangur lífsins	6
Ábyrgðin og blekking viljans	9
2. kafli – Frankenstein	13
Sköpunin	13
Þroskinn	17
Ábyrgðin	20
3. kafli – Niðurlag	24
Heimildaskrá	29

Inngangur

Sumarið 1816 var Mary Wollestonecraft Shelley stödd í sumarhúsi við Genfarvatn ásamt elskhuga sínum, Percy Bysshe Shelley, stjúpsystur sinni Claire Clairmont sem um þær mundir gekk með barn skáldsins Byron sem einnig dvaldi þar með þeim og John William Polidori. Þetta úrvalslíð ungskálda stytta sér stundir þetta mikla rigningasumar með því að semja hryllingssögur og segja hvert öðru. Ekki er fjarri lagi að hugsa sér að þessi samkunda hafi orðið eins og suðupottur framsækinn hugmynda og skapandi skrifa. Þetta sést á því að um sumarið urðu meðal annars til fyrsta enska vampírútsagan, *The Vampyre*, eftir Polidori, ljóðið *The Prisoner of Chillon* eftir Byron lávarð og skáldsagan *Frankenstein* eftir Mary Shelley, en hana mun ég greina hér á eftir.

Frankenstein fjallar um ungan mann, Viktor Frankenstein, sem í gegnum rannsóknir sínar á forboðnum leyndardómum og frumspekilegum fræðum sækist eftir því að sigrast á dauðanum með því að skapa nýja lífveru. Veran sem hann skapar reynist ekki vera sú göfuga ofurmanneskja sem hann hafði hugsað sér heldur afskræmdur vanskapningur sem býr þó yfir ofurmannlegum eiginleikum. Frankenstein yfirgefur misheppnað sköpunarverk sitt sem leitar hann uppi og leggur líf hans í rúst. Á endanum flýr skrímslið norður á hjara veraldar, en Frankenstein eltir það með það fyrir sjónum að tortíma því. Á pólarísnum hittir Frankenstein fyrir leiðangur Robert Walton sem hefur einsett sér að finna sjóleiðina yfir Norðurpólinn. Á skipi Walton ræða þeir saman og Frankenstein segir honum sögu sína. Að lokum deyr Frankenstein um borð í skipi Walton, sem mætir skrímslinu þegar það kemur til að votta látnum skapara sínum virðingu sína og syrgja hann áður en það heldur út á ísinn til að tortíma sjálfu sér.

Frásögninni er miðlað í gegnum ólíka sögumenn og er í raun lagskipt, en Walton segir söguna í gegnum bréf sín til systur sinnar á Englandi, en hann heyrði söguna frá Frankenstein sem sjálfur segir sögu skrímslisins, sem það sagði honum. Saga skrímslisins hefur því í raun farið í gegnum þrjá sögumenn áður en hún nær til lesandans, en saga Frankenstein tvo. Það er sér í lagi saga skrímslisins sem verður tekin til skoðunar hér að neðan.

Á þeim tímum sem *Frankenstein* er skrifuð er evrópsk hugsun um það bil að brjótast úr viðjum þeirrar gömlu heimsmýndar sem hafði einkennt hana um aldir, þ.e. hinnar trúarlegu heimssýnar sem haldið var á lofti af kristinni kirkju. Hægfara hrun

Þessarar heimsmyndar hófst ef til vill með endurreisninni þar sem fræjum vísinda- og efahyggju var sáð. Þetta hrún átti sér stað í bakgrunninum, þ.e. var ekki augljós bylting í hugsun mannsins þar til í byrjun 19. aldar þegar hin gamla heimsmynd molnar með komu hugsuða á borð við Georg Wilhelm Friedrich Hegel.

Ekki er ólíklegt að Mary Shelley hafi jafnvel verið undir óbeinum áhrifum frá heimspekingum á borð við Hegel þegar hún skrifaði Frankenstein, en í öllu falli má líta svo á að hún hafi skynjað undiröldu tímans og brugðist við samskonar félagslegum umbyltingum og Hegel þegar hann skrifar t.a.m. *Phenomenology of Spirit*. Á sama tíma á skáldsagan í mikilvægri samræðu við hina kristnu arfleifð sem gegnsýrt hafði alla vestræna hugsun um aldir.

Með bakgrunn þessa umrótartímabils í huga mun ég leitast við að sýna að hægt sé að líta á skrímsli Frankenstein sem eins konar boðbera hinna nýju tíma vísindahyggju og veraldlegrar heimsmyndar sem tekur við af þeirri gyðing-kristilegu heimsmynd sem ráðið hafði ríkjum um aldir í Evrópu.

Í þessari greiningu minni mun ég nýtast við texta Biblíunnar til að búa til túlkunarramma fyrir skáldsöguna Frankenstein. Ég geri mér fyllilega grein fyrir því að í nálgun minni á texta Biblíunnar snerti ég á einu helsta deilumáli kristinna trúarhreyfinga síðast liðinna tvö þúsund ára eða svo, þ.e. spurninguna um frelsi viljans og forlagahyggju. Ég tek að sjálfsögðu enga afstöðu hvað varðar þetta deilumál, en nálgast texta Biblíunnar einungis sem bókmenntatexta en ekki sem trúarrit.

1. kafli - Biblían

Kristin trú og trúarspeki/heimsmynd hefur óumdeilanlega verið ráðandi afl í mótun evrópskrar hugsunar og heimsmyndar allt frá tímum Rómaveldis, þá sér í lagi eftir fall þess, allt til upplýsingarinnar, þegar veraldarhyggja (og rökvísi) tekur smám saman við sem ráðandi, mótandi hugsun innan evrópskrar heimsmyndar (sjá inngang að kafla 2). Því má með sanni segja að texti Biblíunnar er líkast til einn sá allra mikilvægasti í vestrænni bókmenntasögu, í það minnsta þegar kemur að mótun heimsmyndar og heimspeki. Í þessu sambandi hafa skrif kirkjuféðranna og trúarspekinga miðalda skipt sköpum við kerfisvæðingu gyðing-kristilegrar heimspeki, þá sér í lagi við að setja fram kennisetningar sem leitast við að sætta þær andstæður og jafnvel rökvillur sem má finna innan hins fjölbreytta trúartexta. Kristileg, eða ef til vill frekar kirkjuleg, hugsun byggir að miklu leyti á þessari úrvinnslu Biblíunnar, frekar en einungis sjálfum trúartextanum.¹ Hér á eftir verður leitast við að draga fram þá þætti Biblíunnar og kirkjulegrar hugsunar sem nýttir verða í greiningunni á skáldsögunni Frankenstein, eftir Mary Shelley.

Sköpun mannsins og tilurð syndarinnar

Jörðin og heimurinn allur er, samkvæmt texta Biblíunnar, sköpunarverk Guðs, sem þá er almáttug, eilíf og óbrigðul vera, einnig þekkt sem Jehóva:

Ég er Alfa og Ómega, hin fyrsti og hinn síðasti, upphafið og endirinn.²

Hann skapar veröldina á afmörkuðum, skýrt skilgreindum tíma, þ.e. sex dögum, en á þeim sjöunda hvílist skaparinn.³ Þegar Jehóva skapar heiminn þá verður hann til fullmótaður, endanlegur og eilífur. Öll dýr, allar plöntur og allir hlutir verða þá til eins og þeir eiga að vera, samkvæmt guðlegri forsjá. Vegna þess að skaparinn er fullkominn og almáttugur þá er heldur engin þörf, eða jafnvel enginn möguleiki, á betrubótum, þ.e.a.s. sá heimur sem skapaður er af almáttugri veru hlýtur að vera, samkvæmt eðli verunnar sem skapaði hann, fullkominn, eða að minnsta kosti eins og skaparinn vill hafa

1 Adam Hart Davis, *Sagan – Leiðsögn í máli og myndum*, þýðandi Karl Emil Gunnarsson og Guðni Kolbeinsson (Reykjavík: JPV Útgáfa, 2009), bls. 194-197.

2 *Biblían*, Heilög ritning, Gamla testamentið og nýja testamentið (London: British and Foreign Bible Society, 1919), Opinberun Jóhannesar 22:13.

3 Sama, 1. Mósebók 1:1-31 og 2:1-4.

hann. Þá er öll þróun, eða breyting á heiminum, eða hlutum innan hans, einungis liður í áætlun þeirrar almáttugu veru sem skapaði hann, m.ö.o. ef eitthvað breytist innan heimsins þá er það vegna þess að Guð/Jehóva vill það:

Þannig algjörðist himinn og jörð og allur þeirra her. Og Guð lauk á hinum sjöunda degi verki sínu, er hann hafði gjört, og hvíldist hinn sjöunda dag af öllu verki sínu, er hann hafði gjört.⁴

Samkvæmt sköpunarsögunni í 1. Mósebók er kóróna sköpunarverksins maðurinn. Jehóva ákveður að gera hann að ráðsmanni yfir þeirri veröld sem hann hefur skapað. Í þessu hlutverki dvelst maðurinn í Paradís, þar sem engin neyð hrjáir hann og þar sem hann er ódauðlegur, eins og vikið verður að síðar. Mikilvægt er að hafa í huga að samkvæmt textanum er aldingarðurinn Eden er ekki eign mannsins, heldur Guðs, rétt eins og allt sköpunarverkið (veröldin öll):

Þá tók Drottinn Guð manninn og setti hann í aldingarðinn Eden, til að yrkja hann og gæta hans. Og Drottinn Guð bauð manninum og sagði: Af öllum trjám í aldingarðinum máttu eta eftir vild; en af skilnings-trénu góðs og ills – af því mátt þú ekki eta; því að jafnskjótt og þú etur af því, skalt þú vissulega deyja.⁵

Þó svo ekkert eigi að hrjá manninn í Eden og hann skorti engan hlut, þá er honum forboðið að eta af einu tré innan Paradísar. Ávextir trésins fela í sér þekkingu, skilning góðs og ills, þ.e.a.s. grunninn að allri annarri þekkingu og sjálfsvitund mannsins, en sú þekking er manninum ekki ásköpuð í upphafi. Þar af leiðandi má líta svo á að samkvæmt gyðing-kristilegri hugsun sé skilningur góðs og ills, og þar með öll þekking, yfirskilvitleg í eðli sínu, en ekki náttúruleg og eðlislæg manninum:

En er konan sá, að tréð var gott að eta af, fagurt á að líta og girnilegt til fróðleiks, þá tók hún ávexti þess og át og hún gaf einnig manni sínum sem með henni var, og hann át.⁶

Ávextir þessa trés eru manninum ekki nauðsynlegir, samkvæmt textanum, en samt sem áður ákveður Jehóva, hin alvitra vera, að koma því fyrir innan seilingar mannsins.

4 Sama, 1. Mósebók 2:1-2.

5 Sama, 1. Mósebók 2:15-17.

6 Sama, 1. Mósebók 3:6-7.

Þegar maðurinn svo fellur í freistni og etur ávöxt af trénu og óhlýðnast boðum Guðs, hlýtur hann, og öll hans afkvæmi, mikla refsingu, þ.e. erfiði, þjáningu og dauða:

[...] þá sé jörðin bölvuð þín vegna; með erfiði skalt þú þig af henni næra alla þína lífdaga; þyrna og þistla skal hún bera þér og þú skalt eta jurtir merkurinnar. Í sveita þíns andlitis skalt þú neyta brauðs þíns, þangað til þú hverfur aftur til jarðarinnar, því af henni ertu tekinn; því að mold ert þú og til moldar skaltu aftur hverfa!⁷

Af því að maðurinn etur af hinu forboðna tré, og öðlast skilning á góðu og illu, þ.e.a.s. forboðna þekkingu, tekur Guð af honum hið eilífa líf sem hann áður hafði og vísar honum burt frá Paradís. Upp frá þessu þarf maðurinn að líða skort og neyð og vinna sjálfur fyrir eigin lífi, þar til líkami hans loks gefst upp og deyr. Þessi upprunalega synd mannsins, að óhlýðnast boðum Guðs, eða syndafallið, gerði hann dauðlegan, en áður var dauðinn ekki hluti af mannlegri tilvist. Af þessu leiðir að meðan maðurinn hefur ekki syndgað er dauðinn ekki til, en eftir syndina verður hann dauðlegur, þar af leiðandi er dauðinn afleiðing syndar eins og segir í Rómverjabréfi 6:13:

„Laun syndarinnar er dauði.“⁸

Í raun eru afleiðingar syndarinnar enn víðfeðmari samkvæmt texta Biblíunnar, en ef til vill má segja að allar aðrar syndir mannsins fæðist út frá hinni upprunalegu synd. Upp frá syndafallinu skilur maðurinn að hann er nakinn og blygðast sín, konan þarf að þjást þegar hún fæðir börn sín, maðurinn þarf að strita til að vinna fyrir fæðu sinni og meira að segja höggormurinn er dæmdur til að skríða á jörðinni. Einnig verður til fjandskapur milli manna, samanber söguna af Kain og Abel⁹, og þar með er sakleysi mannsins endanlega horfið.

Þó bersýnilegt sé, miðað við texta Biblíunnar, að Guð, Jehóva, sé almáttugur og alsjáandi virðist sem svo að hann óttist eigin sköpun að einhverju leyti, þ.e.a.s. óttist afleiðingar eigin gjörða og eigin áætlanna, en sú þekking sem Eva verður sér og Adam úti um er í eðli sínu æðri manninum og því hefur maðurinn færst óþægilega nálægt

7 Sama, 1. Mósebók 3:17-20.

8 Sama, Rómverjabréf 6:13.

9 Sama, 1. Mósebók 4:1-16.

Guði. Í raun má draga þá ályktun, af viðbrögðum og orðum Jehóva í Mósebók, að mannlegur andi sé orðinn æðri því sem áður var og búi jafnvel yfir neista af guðlegu eðli, þ.e. að hann búi nú yfir forboðinni, yfirskilvitlegri þekkingu, en að holdið sé saurgað af syndinni og því gert dauðlegt:

Og Drottinn Guð sagði: Sjá, maðurinn er orðinn sem einn af oss, þar sem hann veit skyn góðs og ill. Aðeins að hann rétti nú ekki út hönd sína og taki einnig af lífsins tré og eti, og lifi eilíflega!¹⁰

Þó svo maðurinn sé fallinn úr náð Guðs og hafi verið gerður brottrækur úr aldingarðinum heldur Guð áfram að fylgjast með mannum, leiðbeina honum og dæma. Í þeim tilgangi sendir hann mannum lögmál, meðal annars í gegnum Móse og aðra spámenn. Þessi lögmál frá hinna yfirskilvitlegu veru eru gefin mannum í þeim tilgangi að beina honum aftur inn í náð Guðs, til að maðurinn hegði sér með ábyrgðarfullum hætti og leiðbeina honum þar til syndinni verður aflétt með komu Messíasar.

Koma Krists og tilgangur lífsins

Sá frelsari, eða Messías, sem sendur er til að aflétta syndinni er, samkvæmt Biblíunni, Jesús Kristur. Hann fæðist inn í heiminn í mannsmynd, en er þó ekki holdlegt afkvæmi karls og konu, m.ö.o. Kristur fæðist, en er í raun aldrei getinn. Sá getnaður sem á sér stað er á engan hátt kynferðislegur, heldur verður Kristur einfaldlega til inni í móðurlífi Maríu, sem var þá hrein mey:

En fæðing Jesú Krists varð á þessa leið: Móðir hans María var föstnuð Jósef, en áður en þau kæmu saman, reyndist hún þunguð af heilögum anda. [...] En allt þetta varð, til þess að rætast skyldi það, sem mælt er af Drotni fyrir munn spámannsins, er segir: Sjá, meýjan mun þunguð verða og son ala, og nafn hans munu menn kalla Immanúel, sem er útlagt:

10 Sama, 1. Mósebók 3:22-23.

Guð er með oss.¹¹

Af því Kristur er á þennan hátt algerlega fjarlægður frá hinu holdlega, þá er hin andlega hlið hans upphafin. Kristur er í raun holdgervingur Jehóva á sama tíma og hann er sonur hans, en Jehóva er enn til, heill og almáttugur, utan sem innan heimsins sem Kristur býr í. Í þessu felst einmitt grunnurinn að kenningum um hina svokölluðu þrískiptingu Guðs, en samkvæmt henni er hin almáttuga vera, Jehóva, til í þremur mismunandi formum, aðskilinn en heill á sama tíma. Samkvæmt kenningunni er slík tilvist guðleg og ofar mannlegum skilningi:

Í upphafi var orðið, og orðið var hjá Guði, og orðið var Guð; það var í upphafi hjá Guði. Allir hlutir eru gjörðir fyrir það, og án þess varð ekkert til, sem til er orðið. [...] Og orðið varð hold – og hann bjó með oss, fullur náðar og sannleika, og vér sáum dýrð hans, dýrð sem eingetins sonar frá föður.¹²

Vegna þessarar sérstæðu tilvistar, sem og uppruna, býr Kristur yfir guðlegri vitneskju sem hann deilir með öðrum. Um þá vitneskju fjallar hann og deilir að hluta til með venjulegum mannverum, bæði lærisveinum sínum og almenningi. Þó ber Kristur sjálfur í raun takmarkaðan skilning á þeirri guðlegu þekkingu sem býr innra með honum, en ef til vill má túlka sem svo að hið holdlega, mannlega form hans, hamli skilningi hans að einhverju leyti, samanber ákall hans til Guðs, föður síns og sjálfs síns, þegar kemur að dauða hans.¹³

Þó svo Kristur búi yfir takmörkuðum skilningi á guðlegri innsýn og vitneskju sinni þá eru greinilega ákveðin gegnumgangandi stef í boðskap hans, en þau helstu má í raun draga saman í tvo þætti. Inntak alls þess sem Kristur kennir varðandi hegðun mannsins og hvernig hann skal haga lífi sínu má í raun draga saman í annað þessara grunnstefa, en það er að maðurinn skuli haga lífi sínu þannig hann öðlist guðsríki og komist aftur í náð Guðs. Það gerir hann með því að elska Jehóva, sjálfan sig og aðra menn, en af því Guð lýsir yfir ást sinni á mannum þá skal maðurinn einnig elska náungann. Í fáum orðum sagt er þetta grunnstef einfaldlega kærleikurinn, meðal manna og til og frá Guði:

11 Sama, Matteus 1:18 og 1:22-24.

12 Sama, Jóhannes 1:1-3 og 1:14.

13 Sama, Matteus 27:46.

Þú skalt elska Drottin, Guð þinn, af öllu hjarta þínu og af allri sálu þinni og af öllum huga þínum. Þetta er hið mikla og fyrsta boðorð. En hið annað er líkt, þetta: Þú skalt elska náunga þinn eins og sjálfan þig. Á þessum tveimur boðorðum byggist allt lögmálið og spámennirnir.¹⁴

Afleiðing þessa kærleiks sem Guð ber til mannsins er sú að hann sendi Krist, holdgerving sinn og son, til jarðar til að frelsa manninn undan syndinni, þ.e.a.s. gera mannum kleift að komast aftur í náð sína. Þessi frelsun mun þá leysa manninn undan þeim þjáningum sem hann hrjá, en ekki í hinum holdlega, veraldlega heimi, heldur í andlegum skilningi, þ.e. í eilífu, andlegu lífi sem hefst eftir að hið holdlega líf er á enda. Þetta er hitt grunnstefið í boðskapi Krists í Nýja Testamentinu:

Þess vegna, eins og syndin kom inn í heiminn fyrir einn mann, og dauðinn fyrir syndina, og dauðinn þannig er runninn til allra manna, af því að allir hafa syndgað. Því að allt fram að lögmáli var synd í heiminum; en synd tilreiknast ekki meðan ekki er lögmál. Samt sem áður hefur dauðinn ríkt frá Adam til Móse einnig yfir þeim, sem ekki höfðu syndgað í líkingu við yfirtroðslu Adams, sem er fyrirmynd hans, er átti að koma. [...]
Eins og því af misgjörð eins leiddi fyrir dæming fyrir alla menn, þannig leiðir og af réttlætisverki eins réttlætning til lífs fyrir alla menn. Því að eins og hinir mörgu urðu að syndurum fyrir óhlýðni hins eina manns, þannig munu og hinir mörgu verða réttlættir fyrir hlýðni hins eina.¹⁵

Réttlætisverkið sem talað er um hér að ofan er þá fórnardauði Krists á krossinum, en Kristur lætur lífið, í holdlegum skilningi, á krossinum fyrir syndir manna, þ.e.a.s. til að gera mannum aftur kleift að öðlast náð Guðs og aðgang í ríki hans í eftirlífinu. Hann deyr fyrir syndir manna og rís upp aftur til að sanna vald Guðs yfir dauðanum, og þar með vald sálarinnar yfir líkamanum/holdinu. Hin mannlega holdgerving Guðs deyr en hið andlega og yfirskilvitlega lifir að eilífu þegar holdið er yfirgefið. Þannig er lögð áhersla á náttúrulegan gang lífsins og lögmál sköpunarverksins, þ.e. að allt holdlegt

¹⁴ Sama, Matteus 22:37-40.

¹⁵ Sama, Rómverjabréf 5:12-14 og 5:18-19.

skal deyja en hið andlega getur upphafist og lifað að eilífu í ríki Guðs.

Fyrir komu Krists, en eftir syndafallið, var líftími mannsins á jörðinni takmarkaður og ekkert beið hans eftir dauðann, ekkert eftirlíf og ekkert guðsríki, en eftir komu Krists þá er líftími mannsins á jörðinni ennþá takmarkaður, en hann getur hlotið eilíft líf í ríki Guðs, utan þessa heims:

Því að svo elskaði Guð heiminn, að hann gaf son sinn eingetinn, til þess að hver, sem á hann trúir, glattist ekki, heldur hafi eilíft líf.¹⁶

Af því dregið er svo mikið úr vægi hins holdlega, veraldlega lífs og tilvistar er hverjum manni ljóst að hið raunverulega líf, hinn raunverulegi tilgangur mannsins er að lifa að eilífu utan holdsins í andlegu ríki Guðs, m.ö.o. er hin jarðneska tilvist hliðruð, dregið er úr vægi hennar, og hin himneska tilvist er upphafin og færð að miðju, þ.e.a.s. maðurinn er færður á jaðarinn en Guð og hans ríki er miðjan sem allt líf og öll tilvist hverfist um, enda snýst hin jarðneska tilvist mannsins í raun um að þóknast Guði og vilja hans.

Ábyrgðin og blekking viljans

Staða Guðs sem miðja alls er einnig sýnileg í því að honum er eignað allt sköpunarverkið. Jörðin og allt á henni er eign Guðs og mennirnir, og aðrar lífverur, fá einungis að dvelja þar með leyfi hans, sem hann getur tekið burt þegar honum sýnist:

Og landið skal eigi selt fyrir fullt og allt, því að landið er mín eign; því að þér eruð dvalarmenn og hjábýlingar hjá mér.¹⁷

Tilvist mannsins á jörðinni er því afskaplega takmörkuð, bæði í tíma og eðli, og í raun má segja að sjálft líf mannsins sé háð leyfi Guðs, þar af leiðandi er lífið og sálin einnig eign Guðs. Jafnvel í dauða er andi, eða sál, mannsins ofurseldur vilja hans:

Sjá mínar eru sálirnar allar, sál föðurins eins og sál sonarins –

16 Sama, Jóhannes 3:16.

17 Sama, 3. Mósebók 25:23.

*mínar eru þær; sú sálin, sem syndgar, hún skal deyja.*¹⁸

Með þennan eignarétt Guðs á eigin sköpunarverki í huga er réttast að líta til þeirra reglna sem hann gefur manningum til að fylgja, þau lögmál sem hann telur réttvís og sanngjörn, samkvæmt Biblíunni. Varðandi ábyrgð landeiganda á því sem lifir og hrærist, eða deyr, á eign hans er eftirfarandi sagt:

*Ef maður opnar brunn eða grefur brunn og byrgir eigi aftur, og uxi eða asni fellur í hann þá skal eigandi brunnsins bæta; hann skal greiða eigandanum fé fyrir, en hafa sjálfur hið dauða.*¹⁹

Af þessu má því draga þá ályktun að vegna þess að Guð skapaði jörðina og allar verur og er hinn eini raunverulegi eigandi alls í sköpunarverkinu þá beri hann í raun ábyrgð á því sem þar gerist. Sérstaklega ber að skoða ábyrgð hans þegar kemur að þeim sem lífið láta í sköpunarverki hans, á jörðinni.

Að auki þeirra lögmála sem Guð gefur manningum, þ.e. leiðbeiningarnar um hvernig maðurinn skuli haga lífi sínu, sendir Guð holdgerving sinn og son til jarðarinnar, en hann á að sýna manningum hvernig hann getur öðlast náð Guðs, þ.e. með því að fylgja lögmálum Guðs og að trúa á soninn. Ætla má að með því að gefa manningum son sinn, og þar með leið til að öðlast náð sína aftur, sé Guð að takast á einhvern máta við ábyrgðina sem hann hefur gagnvart sköpunarverki sínu.

Þessi trú, og með henni iðrun fyrir fyrri misgjörðir og erfðasyndina, á að gera manningum kleift að yfirstíga jarðneska tilvist sína og öðlast ríki Guðs, eins og það er nefnt. Sá gangur lífsins, eða öllu heldur jarðneskrar tilvistar, birtist til að mynda í dæmisögu Krists af týnda syninum (Lúkas 15:11-32), en þar er mannverunni líkt við ungling sem flyst að heiman og missir allt niður um sig, en hann snýr aftur til föður síns, sem þá er Guð, sem tekur honum fagnandi og býður honum í hlýjuna, m.ö.o. ef maður brýtur gegn vilja Guðs getur hann snúið tilbaka til hans með iðrun í hjarta og verið fyrirgefið.

Ætla má að þar með uppfylli Guð þær skyldur gagnvart eigin sköpunarverkinu og eign sinni sem hans eigin lög gefa til kynna að hann beri. Ef boðskapurinn, sem er

18 Sama, Esekíel 18:4.

19 Sama, 2. Mósebók 21:33-34.

nefndur hér að ofan, á hins vegar að ganga upp þá skiptir frjáls vilji mannsins höfuðmáli, en án hans eru gjörðir hans ákveðnar fyrirfram, sem og iðrunin og trúin. Þá er vilji Guðs, þess sem skapaði manninn, það eina sem máli skiptir því hann hefur ákveðið allan gang lífsins og hvort maðurinn muni öðlast ríki Guðs eður ei.

Vissulega má einnig líta svo á að þau lögmál sem Guð setur manningum gildi í raun ekki fyrir Guð líka, enda er hann yfirskilvitleg vera, hafin yfir þennan heim og mannlegan skilning, og þar með beri hann enga ábyrgð á því sem maðurinn gerir eða hvað um hann verður. Slík fullyrðing þarf þó að byggja á því að maðurinn geti valið að fylgja, eða ekki fylgja, lögmálum Guðs, þ.e. að maðurinn hafi frjálsan vilja. Ef maðurinn hins vegar hefur ekki frjálsan vilja þá eru lögmál Guðs einungis gild fyrir Guð, enda tekur hann þá í raun allar ákvarðanir. Það er þá hans vilji sem stýrir manningum, en ekki vilji mannsins. Einungis sá sem tekur ákvörðun og hefur þar af leiðandi frjálsan vilja getur valið að fylgja, eða ekki fylgja, fyrirskipunum, boðum og lögmálum. Þetta á hins vegar ekki við um þann sem er stýrt, jafnvel þótt hann geti trúað því að hann stýri sér sjálfur.

Ef litið er til texta Biblíunnar er ljóst að sá vilji sem maðurinn á að hafa, hinn frjálsi vilji, sem gerir hann ábyrgan fyrir eigin gjörðum, er einfaldlega blekking. Þó svo að Kristur boði að með því að maðurinn hagi lífi sínu rétt, fylgi lögmálum Guðs og trúin á soninn og iðrist, geti hann öðlast Guðsríki þá veit Guð, sem er alvitur, að svo er eigi, en Páll postuli sem var „kjörinn [af Guði] til að boða fagnaðarerindi Guðs“²⁰ segir:

En vér vitum, að þeim, sem guð elska, samverkar allt til góðs, þeim sem kallaðir eru samkvæmt fyrirhugun; því að þá, sem hann þekti fyrirfram, hefir hann og fyrirhugað til þess að líkjast mynd sonar síns, svo að hann sé frumburður meðal margra bræðra. En þá sem hann fyrirhugaði, þá hefir hann og kallað, og þá sem hann kallaði, þá hefir hann og réttlætt, en þá sem hann réttlætti, þá hefir hann einnig vegsamlega gjört.²¹

Með öðrum orðum hefur Guð ákveðið fyrirfram (fyrirhugað) hverjir meðal manna munu „líkjast mynd sonar síns“ og þar með öðlast guðsríki, þ.e. eilíft andlegt líf að lokinni takmarkaðri jarðneskri tilvist. Þar sem Guð hefur ákveðið fyrir fram hverjir

20 Sama, Rómverjabréf 1:1.

21 Sama, Rómverjabréf 8:28-30.

munu öðlast eilíft líf skipta gjörðir mannsins í raun engu, þ.e.a.s. maðurinn hagar lífi sínu einungis eftir því sem Guð hefur ákveðið og skapað. Þar af leiðandi er vilji mannsins ekki frjáls, eða yfirhöfuð til staðar, einungis blekkingin um frjálsan vilja er til staðar. Vegna eðlis skaparans, sem er alvitur, alsjáandi og almáttugur, getur frjáls vilji ekki verið annað en talsýn því hver ákvörðun og hvert val mannsins getur ekki annað en verið í samræmi við vilja og ætlun hins almáttuga Jehóva, ellegar fellur öll heimsmyndin og sagan um sjálfa sig.

Því er ekki hægt að draga aðra ályktun út frá fullyrðingum og lýsingum texta Biblíunnar en að hinn almáttugi Guð hafi ætlað sér að skapa syndina í manningum, með því að gefa manningum ekki annað val en að syndga, þ.e. fremja erfðasyndina og eta ávöxt af skilningstré góðs og illis, en Guð hefur þá skapað aldingarðinn og lagt þar gildru, eða pytt til að falla í, sem maðurinn hefur ekki getað forðast. Það kallast á við ábyrgð landeigandans á landi sínu og brunnum, eða pyttum, sem hann kann að grafa þar.

Jehóva hrekur svo manning burt frá Paradís, samkvæmt guðlegri áætlun sinni, og refsar þannig manning fyrir fróðleiksfýsn hans, þ.e. fyrir að sækjast eftir skilningi á grundvallar eðli mannsins og náttúrunnar, en það var eina þekkingin sem maðurinn gat í raun aflað sér innan Paradísar, sú eina sem manning stóð til boða. Mannning ber þá að halda að hann sé ekki Guði þóknanlegur og þurfi að þjást og erfiða vegna þess að hann sóttist eftir þekkingu. Þar af leiðandi er öll þekking og fróðleikur dregin af hinum upprunalega fróðleik, skilningnum á góðu og illu, og þess vegna er öll þekking forboðin og óþörf, m.ö.o. er sú lexía sem Guð vill kenna manning að hann skuli ekki sækjast eftir þekkingu, annarri en þekkingu á lögmálinu.

Ef Guð er almáttugur liggur beint við að allt sem gerst hefur, og mun gerast, sé ekkert nema áætlun Guðs, þar af leiðandi hafi maðurinn einungis hegðað sér í samræmi við áætlanir og vilja Guðs, þó svo hann hafi brotið gegn yfirlýstum vilja Guðs. Að því gefnu er ábyrgðin á gjörðum mannsins ekki hans eigin, heldur Guðs, af því hinn almáttugi Guð er sá sem tekur allar ákvarðanir fyrir hönd mannsins og í raun sá eini sem getur yfirhöfuð tekið sjálfstæða ákvörðun, en gefur manning talsýnina að hann hafi frjálsan vilja, m.ö.o. fellur öll ábyrgð á gjörðum mannsins, jaðarins, á Guð, miðjuna.

2. kafli - Frankenstein

Um aldir var heimsmynd kirkjunnar og heimspeki sú eina sem gildi og var samþykkt í hinni kristnu Evrópu þar sem Guð var miðja og uppspretta alls. Smám saman þróaðist evrópsk hugsun í átt að efahyggjunni sem leyfði mannum í raun í fyrsta sinn um aldir að efast og setja spurningamerki við hinar almennt viðurkenndu „staðreyndir“ lífsins. René Descartes efaðist jafnvel um eigin tilvist, og staðfesti hana þannig með hinum ódauðlegu orðum „cogito ergo sum“ (ég hugsa, þess vegna er ég).²²

Upp úr þeim grunni, þegar maðurinn gat leyft sér að efast og sannreyna það sem fyrir hann bar, fæddist heimspeki Immanuel Kant og Georg Wilhelm Friedrich Hegel þar sem rökvísi og hugsun mannsins tekur að sér hið hefðbundna hlutverk Guðs, sem þekkingar-og vitsmunamiðjan.²³ Þannig færast hlutverk Guðs út á jaðarinn og minnkar, en maðurinn og rökvísi hans færast í miðjuna. Þessi tilfærsla og endurskipulag hlutverka verður smám saman að ráðandi hugsun sem mótar evrópska heimsmynd til frambúðar. Í þessari byltingarkennda umróti evrópskar hugsunar og heimsmyndar er skáldsaga Shelley skrifuð.

Hér á eftir verður leitast við að skoða og greina skáldsöguna Frankenstein, eftir Mary Shelley, en túlkunarrammi greiningarinnar verður ofangreind skoðun á Biblíunni og kristilegri hugsun. Einnig verður hún sett í samhengi við hina nýju heimsmynd sem skrímsli Frankenstein fæðist upp úr og inn í. Leitast verður sérstaklega við að skoða tilurð skrímslisins í samhengi við sköpunarsögu Biblíunnar, að athuga hliðstæður er varða siðferðilega ábyrgð skaparans á verki sínu sem og tilvist og beitingu hins frjálsa vilja.

Sköpunin

Viktor Frankenstein, skapari skrímslisins, hefur allt frá bernsku sóst eftir allri þekkingu sem hann getur mögulega komist yfir, þá sér í lagi til að uppgötva þá leyndardóma náttúrunnar sem öðrum eru huldur. Bersýnilega má sjá tengingu þekkingarleitar hans við syndafallið, en hann sækir stöðugt í að eta af ávöxtum skilningstrésins, í óeiginlegri

²² Gunnar Skirbekk & Nils Gilje, *Heimspekisaga*, þýðandi Stefán Hjörleifsson (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 1999), bls. 277-285.

²³ Sama, bls. 425-456 og 475-498.

merkingu:

*Forvitni, einbeitt rannsókn til að kanna leynd náttúrulögmál,
gleði í ætt við algleymi þegar þau urðu mér ljós, er einhver
fyrsta geðshræring sem ég man eftir.²⁴ (bls. 42)*

Fyrsta hrifning æskuára Frankenstein á sannleiksleit og uppgötvun dýpkar smám saman og verður að ástríðu þegar hann leitar undir yfirborð náttúrunnar sem blasir við honum. Hann sækist eftir að finna „hið frumspekilega“, eða hin upprunalegu lögmál náttúrunnar:

*Það voru leyndarmál himins og jarðar sem mig þyrsti í að
uppgötva, og hvortheldur það var ytra form hlutanna eða innra
eðli náttúrunnar og dulargátur mannsálarinnar sem ég var
upptekinn af, þá stefndu rannsóknir mínar að hinu
frumspekilega eða, þegar öllu var á botninn hvolft, að
eðlisfræðilegum leyndardómum heimsins.²⁵ (bls. 43-44)*

Þessi óslökkvandi þekkingarþorsti hans leiðir hann á braut sköpunarinnar, þ.e.a.s. leiðir hann til að kanna dýpra en aðrir menn og uppgötva sannleika sem aðrir menn jafnvel óttast að horfast í augu við. Honum nægir í raun ekki lengur að leitast eftir ávöxtum skilningstrésins, heldur vill hann ráða hina dýpstu gátu og eta af tré lífsins, uppgötva sjálf lögmál lífs og dauða og jafnvel ná valdi yfir þeim:

*Svo margt hefur verið gert, hrópaði sál Frankensteins – meira,
miklu meira skal ég gera, ég skal fara um allar þekktar slóðir
og ryðja nýja vegi, rannsaka óþekkt öfl og sýna heiminum
huldustu leyndardóma sköpunarverksins.²⁶*

Hinn huldasti leyndardómur sem Frankenstein sækist eftir og finnur á endanum, er sá að hægt sé að skapa líf úr dauða, að ná slíku valdi á sköpunarverki Guðs að hægt sé að bæta við það og stíga út fyrir það, að taka sér guðlegt vald.

24 Mary Wollestonecraft Shelley, *Frankenstein – eða hinn nýi Prómóþeus*, þýðandi Böðvar Guðmundsson (Reykjavík: JPV Útgáfa, 2006), bls. 42.

25 Sama, bls. 43-44.

26 Sama, bls. 55.

Eftir rannsóknir sínar og uppgötvun á þessum hinsta leyndardómi sköpunarverksins hefst Frankenstein handa við að nýta sér þekkingu sína og skapa nýtt líf, nýja lífveru. Þannig tekur hann sér hlutverk hins almáttuga Jehóva, en samanburðurinn liggur ljós fyrir í vísunum textans.

*Eftir ótrúlegt erfiði margra daga og náttu tókst mér að finna
orsök getnaðar og lífs, og ekki nóg með það, ég var sjálfur fær
um að blása lífi í dautt efni.²⁷*

Þessi lýsing kallast mjög greinilega á við lýsingu Biblíunnar á sköpun mannsins, þegar Jehóva mótar hann úr leir og gefur honum líf:

*„[...] - þá myndaði Drottinn Guð manninn af leiri jarðar og blés
lífsanda í nasir hans, og þannig varð maðurinn lifandi sál.“²⁸*

Með því að taka sér þetta guðlega vald í hendur og skapa nýtt líf bætir Frankenstein við sköpunarverkið. Það sem hann skapar er ekki hluti af sköpunarverki Guðs, þrátt fyrir að Frankenstein sé sjálfur hluti af því sköpunarverki. Með stolinni guðlegri þekkingu og valdi stígur hann út fyrir sköpunarverkið. Hið nýja líf sem Frankenstein skapar er því utan náttúrunnar, utan sköpunarverksins og þar með utan þeirra lögmála sem ríkja um það og þeirrar ábyrgðar sem Jehóva ber á því.

Skrímlið er búið til úr líkamsleifum látinna manna, úr efni sem einu sinni lifði og hafði að geyma sál, en sá andi, eða sál, sem áður bjó í þeim látnu hefur yfirgefið holdið, samkvæmt lögmálum Jehóva, til að lifa að eilífu annað hvort innan eða utan guðsríkis. Það er því ekkert eftir í þeim líkamsleifum sem notaðar eru til að skapa skrímslið og því hefur Jehóva hvorki tilkall, né ábyrgð, til þess, en einungis Frankenstein.

Þar eð skrímslið lútir ekki lögmálum náttúrunnar um líf og dauða, vegna þess að það er skapað utan hins upprunalega sköpunarverks, er það einnig skapað utan syndafallsins. Skrímslið er þá í eðli sínu syndlaust þegar það verður til og þar af leiðandi ódauðlegt, þ.e. það hefur ekki fengið þá refsingu sem Jehóva lét falla á Adam og Evu og allt þeirra kyn. Þess vegna á það ekki í vændum neina aðra tilvist en hina jarðnesku sem það var skapað inn í, en ekkert lögmál Jehóva hamlar því að sú jarðvist

27 Sama, bls. 59.

28 *Biblían*, Heilög ritning, Gamla testamentið og nýja testamentið, 1. Mósebók 2:7.

geti varað að eilífu. Draga má einnig þá ályktun, í þessu ljósi, að önnur lögmál lífs og dauða gildi ekki fyrir skrímslið, t.d. af því það fæddist ekki inn í þennan heim og óx úr grasi á náttúrulegan máta mun það ekki heldur hrörna í elli sinni.

Frankenstein heldur að með þessari valdtöku sinni geti hann ekki bara skapað nýtt líf úr dauða heldur að hann geti skapað nýja tegund manna sem munu líta til hans sem skapara og föðurs, sem guðlegrar veru sambærilegri Jehóva:

*Ný tegund mundi blessa mig sem skapara sinn og upphaf,
margar hamingjusamar og glæsilegar verur ættu mér tilveru
sína að þakka. Enginn faðir ætti svo fullkomna kröfu á þakklæti
barns síns eins og ég ætti á þakklæti þeirra.*²⁹

Þessi útópíska sýn hans, eða draumur, um hvernig sköpunarverk hans mun verða þegar hann lýkur verki sínu reynist ekkert annað en talsýn því um leið og Frankenstein nær takmarki sínu, hefur lokið sköpuninni, og sér afrakstur erfiðis síns fyllist hann viðbjóð og ótta. Hin sterka og fagra vera sem hann sá fyrir sér í hillungum, sem átti jafnvel að standa mannum frammar, reynist vera skrumskæld ófreskja:

*Ég hafði þráð það heitar en talist gat eðlilegt, en nú þegar
verkinu var lokið hvarf fegurð óskadraumsins og ég fylltist
kæfandi skelfingu og viðbjóði.*³⁰

Þegar Frankenstein er ljóst hve óeðlilegt og ónáttúrulegt sköpunarverk hans er snýr hann baki við sköpun sinni og afneitar henni. Þessi afneitun Frankensteins á sköpun sinni kallast vissulega á við brottrekstur mannsins úr Paradís, en í þessu tilfalli er það synd skaparans frekar en sköpunarverksins sem ræður ferð því sköpunarverkið, skrímslið, er algerlega saklaust þegar það er skapað. Þegar Frankenstein afneitar skrímslinu bregst hann í raun „föðurlegum“ skyldum sínum gagnvart því, en hann einfaldlega gengur burt frá „nýfæddri“ verunni sem síðan ráfar út í náttmyrkrið þar sem það neyðist til að takast á við raunir heimsins upp á eigin spýtur.

Þessi ótti og viðbjóður Frankenstein á skrímslinu stafar þó ekki einungis af því að sköpunarverk hans sé einhverskonar afskræming á náttúrunni og eðlilegum gangi

29 Mary Wollstonecraft Shelley, *Frankenstein – eða hinn nýi Prómóþeus*, bls. 61.

30 Sama, bls. 65.

lífsins. Hann gerir sér skyndilega grein fyrir því að hið göfuga verkefni sem hann vann að reyndist vera allt annað en göfugt í eðli sínu. Hin upprunalega fyrirætlun hans um að skapa fullkomna nýja tegund manna, sem hafin væri yfir lögmál lífs og dauða, hefur mistekist og allar hans rannsóknir og vinna hafa snúist upp í andhverfu sína, gróteska skrumskælingu á mannverunni. Frankenstein getur ekki horfst í augu við það sem hann hefur skapað og flýr því af hólmi um leið og honum verða mistök sín ljós.

Eins og Eva í aldingarðinum gat Frankenstein ekki staðist fróðleiksfýsn sína og kafaði sífellt dýpra í forboðna þekkingu, en ólíkt Evu lætur Frankenstein sér ekki nægja að eta af skilningstrénu heldur tekur líka ávöxt af tré lífsins, til að sigrast á dauðanum og öðlast, eða gefa, eilíft líf. Með forboðinni þekkingu sinni stígur Frankenstein út fyrir sköpunarverk Jehóva og tekur sér vald hans í hendur og bætir við það, hann skapar skrumskælingu af manni, og rétt eins og Jehóva gerir hann sköpun sína brottræka úr faðmi föður síns.

Droskinn

Þó svo skrímslið sé stærra en venjulegur maður, sterkara og sneggra, og á margan hátt fullkomnara en mannvera þá er það jafnframt aumkunarvert og hjálparvana þegar það stígur sín fyrstu skref í tilvist sinni, og í raun hana alla en jafnvel Walton finnur fyrir meðaumkun í garð þessa óhugnarlega, en jafnframt brjóstumkennanlega skrímslis undir lok sögunnar. „Nýfætt“ skrímslið finnur í upphafi fyrir skynhrifum en skilur þau ekki, fyrsta tilfinning þess er yfirþyrmandi óöryggi og einsemd:

Ég var hjálparvana og óhamingjusamur vesalingur, ég vissi ekkert og ég kunní ekkert, en ég kenndi sársauka frá öllum hliðum og settist niður og grét.³¹

Skrímslið fylgir í raun eðlilegum þroskaferli manns, en í umtalsvert hraðari takti. Frá því að vera eins og ómálga barn fer skrímslið smám saman að skilja þau skynhrif sem það upplifir og setur sig í samhengi við umhverfi sitt. Það uppgötvar svo tungumálið þegar það finnur fjölskylduna í skóginum, það lærir að tala og lesa, um hegðun manna og tilfinningar með því að fylgjast með þeim úr fjarlægð.

31 Sama, bls. 121.

Eftir fáeina mánuði er skrímslið svo farið að lesa bækur á borð við *Raunir Werthers unga* eftir Goethe og *Paradísarmissi* eftir Milton, sem hann heppilega rakst á í gönguferð sinni í skóginum, en gegnum lestur sinn á slíkum ritum víkkar þroskasaga hans út frá því að vera þroskasaga barns yfir í að hann upplifir þróun evrópskrar menningar og sögu í mýflugumynd. Ljóst er að þroskaferli skrímslisins er ónáttúrulega hratt, en það ber vott um ofurmannlegt gáfnafar þess.

Skrímslið fylgist þó ekki einungis með úr fjarlægð heldur hjálpar hann að eigin sögn fjölskyldunni í skóginum með margvíslegum hætti allt frá því að hann skilur að þau líða skort, m.ö.o. eru fyrstu gjörðir skrímslisins sprotnar af samlíðan og gæsku. Fyrstu tilfinningar skrímslisins í garð manna er kærleikur og samkennd eftir því sem skrímslið síðar tjáir Frankenstein. Hann dáist einnig að þokka þeirra og fegurð, og hversu kærleiksrikt samband ríkir milli þeirra, en þegar hann sér spegilmynd sinni bregða fyrir á vatnsyfirborði verður hann fyrir áfalli þegar hann skynjar afskræmingu sína og ljótleika. Hann skilur að útlit og ónáttúruleg nærvera hans myndar gjá milli sín og mannfólksins, þó svo hann þrái ekkert heitar en að tengjast þeim og upplifa sjálfur vináttu og kærleika.

Viðurstyggð skrímslisins á sjálfu sér dýpkar enn frekar við að það gerir sér grein fyrir ónáttúrulegum uppruna sínum þegar það les slitrur úr dagbók Frankensteins sem lýsa sköpunarferlinu og viðbrögðum Frankenstein, skaparans, við afrakstrinum:

„Vei þeim degi þegar ég lifnaði“, hrópaði ég í angist. „Bölvaði skapari! Hvers vegna skapaðir þú ófreskju sem var svo hræðileg að jafnvel þú snerir baki við henni með viðbjóði?“³²

Í kjölfar lestursins, og áfallsins sem hann orsakar, ákveður skrímslið þó að leggja allt sitt traust á gæsku og göfuglyndi þeirra manna sem hann hefur fylgst með og dáð í þeirri von að það muni líta framhjá vansköpun hans og sýna honum samúð. Þegar hann loks reynir að nálgast fjölskylduna í skóginum mætir hann skelfingu og fyrirlitningu af þeirra hálfu, að undanskildum gamla mannum sem er blindur og sér því ekki afskræmingu hans. Eftir þessa höfnun fyllist hann vonbrigðum, síðan hatri og hefningirni og bölvar sjálfum sér og skapara sínum:

32 Sama, bls. 152.

*Bölvæði, bölvæði skapari! Hvers vegna lifði ég? Hvers vegna slökkti ég ekki á því andartaki lífsneistann sem þú svo samviskulaust hafðir kveikt í mér?*³³

Skrímlið ákveður að hans eina von sé að leita uppi skapara sinn, horfast í augu við hann og krefja hann um það réttlæti og samúð sem Frankenstein neitaði honum um með því að yfirgefa hann í upphafi:

*Harðbrjósta, miskunnarlaus skapari! Þú hafðir gætt mig skynjun og ástríðum og síðan fleygt mér frá þér til að verða skotspónn fyrir lítilsvirðingu og skelfingu fólks. En einungis til þín gat ég gert einhverja kröfu um samúð og úrbætur, og ég ákvað að leita hjá þér þess réttlætis sem ég hafði árangurslaust reynt að finna hjá öðrum mennskum verum.*³⁴

Þegar skrímlið mætir óvænt William Frankenstein, bróður skapara síns, í föri sinni til Genfar þar sem hann hyggst leita skapara sinn uppi, er fyrsta hugsun hans að saklaust barnið muni ekki hræðast hann því það hafi ekki lært að hata það sem er öðruvísi, að það muni líta framhjá vansköpuðu yfirbragði þess. Þegar í ljós kemur að dauðskelfdur drengurinn er bróðir Frankenstein, skaparans sem yfirgaf hann og er uppspretta allrar einsemdar hans og vanlíðan, missir skrímlið stjórn á sér í bræðiskasti og drepur drenginn. Þannig missir skrímlið sakleysi sitt, rétt eins og mannkynið missti endanlega sakleysi sitt við hið fyrsta morð, bróðurmorð Kains á Abel.

Þó svo skrímlið finni fyrir eins konar sigurvímu þegar það fremur ódæðisverk sín vill skrímlið meina að þrá þess eftir umhyggju og vinsemd sé öllum öðrum kenndum yfirsterkari, en það sést bersýnilega í orðum þess seinna þegar það grátbiður skapara sinn um að skapa fyrir sig félag: „*Ef einhver vera bæri til mín vinarhug skyldi ég launa það hundraðfalt. Vegna þeirrar veru skyldi ég semja frið við allt mannkynið!*“³⁵

Skrímlið hefur komist að þeirri niðurstöðu að það þurfi einungis ást, umhyggju og skilning einnar veru til að lægja reiði sína og sefa ótta sinn. Sú niðurstaða kallast tvímælalaust á við eitt grunnstefið í boðskap Krists, þ.e. að kærleikurinn skipti

33 Sama, bls. 159.

34 Sama, bls. 163.

35 Sama, bls. 170.

höfuðmáli. Í raun er það alls ekki meðfædd illska, heldur einsemdin og óttinn við eilífa höfnun sem lætur skrímslið fremja ódæðisverk sín, sem og reiði við skaparann sem sneri við honum baki, reiði yfir ónáttúrulegri sköpun sinni. Skrímslið bað ekki um að vera það sem það er.

Ábyrgðin

Þegar skrímslið vaknar til lífsins skilur Frankenstein alls ekki ábyrgð sína sem skapari gagnvart sköpunarverki sínu. Hryllingur hans og vonbrigði verða til þess að hann hugsar um það eitt að komast í burtu og honum er létt þegar skrímslið er á bak og burt, en fyrstu líkamlegu viðbrögð hans þegar skrímslið er horfið úr rannsóknarstofu hans eru óstjórnleg, brjálæðiskennd gleði sem síðan breytist í eins konar taugaáfall. Þessi viðbrögð bera vott um að hann bæli með sér allar meðvitaðar hugsanir um skrímslið og skyldur sínar gagnvart því.

Það er ekki fyrr en hann hittir skrímslið á jöklinum, nærri tveimur árum eftir sköpun þess, og talar við það, sem hann skilur að líðan skrímslisins er að einhverju leyti undir honum, skapanum, komin. Loks þá skynjar Frankenstein, skaparinn, skyldu sína gagnvart sköpun sinni:

*Í fyrsta sinn skynjaði ég skyldur skaparans gagnvart sköpun
sinni og að mér bæri að gleðja hann áður en ég ásakaði sjálfan
mig um illsku hans.³⁶*

Hann tengir þó aldrei illgjörðir skrímslisins við tilfinningar þess, eða sálarástand, en telur það fremur vera í eðli sínu illt, þ.e. að hann hafi skapað illa veru, þess vegna lítur hann svo á að hann beri einhverja ábyrgð á gjörðum þess, sem afleiðingar sinnar misgjörðar. Hann gerir sér þó ekki grein fyrir því að skrímslið sé tilfinningavera, eða að hann hafi brugðist „föðurskyldum“ sínum með því að yfirgefa það. Óttinn sem fær Frankenstein til að skorast undan skyldum og ábyrgð sinni er þá í raun ótti við sjálfan sig og eigið verk. Hann sér í skrímslinu myrka endurspeglun af sér, allar illar hvatir sínar holdgerðar.

36 Sama, bls. 119.

Mér fannst að þessi vera, sem ég hafði sleppt lausri meðal manna og gefið vilja og afl til voðaverka á borð við það ódæði sem hann var nýbúinn að fremja, vera mín eigin blóðsuga, mín eigin sál sloppin úr gröf sinni og þvinguð til að eyðileggja allt sem ég unni.³⁷

Þó svo Frankenstein neiti að taka ábyrgð á líðan skrímslisins hefur honum hefur þó dottið í hug að hann beri einhverja ábyrgð á gjörðum þess. Þó hann geri sér grein fyrir þessari ábyrgð þá neitar hann að takast á við hana, en til þess þyrfti hann að viðurkenna mistök sín fyrir sjálfum sér og enn fremur að játa þau fyrir öðrum. Í stað þess að takast á við þessa þolraun, og mögulega að bjarga Justine frá dauðanum, veltir Frankenstein sér frekar upp úr sjálfsvorkunn og réttlætir hugleysi sitt með því að enginn myndi trúa sögu hans:

„En ég, hinn eiginlegi morðingi, fann ódrepanði nöðruna í brjósti mér sem hvorki unni mér vonar né huggunar.“³⁸

Frankenstein neyðist loks til að mæta skrímslinu augliti til auglitis og heyra frásögn þess af raunum sínum þegar það leitar hann uppi á jöklinum. Þegar þeir mætast sannar skrímslið ekki einungis líkamlegan styrk sinn og þol, heldur einnig andlegan styrk þegar það sýnir mun meiri yfirvegum en skapari hans. Bilið á stöðu og valdi Frankenstein og skrímslisins gagnvart hvor öðrum er umtalsvert minna en bilið á milli mannsins og skapara hans, Jehóva, í gyðing-kristilegri hugsun, en skrímslið hefur þorað og leyft sér að efast um almætti skapara síns og visku. Skrímslið getur tekist á við skapara sinn, átt samtalið við hann og gagnrýnt gjörðir hans. Það getur sjálft skilgreint tilvist sína, óháð skilgreiningu skapara síns, en sú skilgreining byggir á þekkingu sem skrímslið hefur orðið sér úti um, en ekki þekkingu sem skapari þess hefur gefið því í gegnum guðlega opinberun, eins og Jehóva gefur mannum þá þekkingu sem hann „þarf“ og ber að tileinka sér með Biblíunni.

Á þennan hátt má draga upp samlíkingu milli fundar skrímslisins og Frankenstein og átaka mannsins við Guð í veraldlegri heimsmynd nútímans, en með aukinni þekkingu og tækniframfarir hefur valdastaða mannsins gagnvart skapara sínum tekið stakkaskiptum. Maðurinn er nú, með tilkomu efahyggjunnar og rökvisi, miðja

³⁷ Sama, bls. 87.

³⁸ Sama, bls. 100.

heimsmyndar sinnar, en hinn áður almáttugi Guð hefur verið færður á jaðarinn. Þó tilvist hans sé ekki afneitað algerlega leyfir maðurinn sér nú að efast um hana, eða í minnsta lagi um almætti hans og alvitra forsjá.

Í þessu ljósi má skoða samtal skrímslisins og Frankenstein sem eins konar samræðu milli hinnar efandi, rökvisu mannveru nútímans og skapara hennar. Skrímslið, og þar með maðurinn, tekst á við skapara sinn og upplýsir hann um það óréttlæti sem það telur sig hafa verið beitt og setur fram kröfu um iðrun og yfirbót skapara síns:

Ó, Frankenstein, ekki vera réttlátur gagnvart öllum öðrum en mér, ekki troða mig einan undir fótum, mig sem þú átt þó að sýna meira réttlæti en öðrum, já, jafnvel mildi og trúnað. Mundu að ég er sköpunarverk þitt, ég ætti að vera þinn Adam, en er frekar sá fallni engill sem þú rekur burt úr gleðinnar ranni án þess að ég hafi drýgt nokkurt ódæði. Alls staðar sé ég hamingju sem ég einn er útilokaður frá um alla eilífð. Ég elskaði mennina og var góður, neyðin gerði mig að óvini mannanna. Gerðu mig hamingjusaman og ég skal aftur vera hlýðinn og góður.³⁹

Skrímslið gerir sér þó grein fyrir eigin misgjörðum, en sér þær sem afleiðingar af höfnun skapara síns og fyrirlitningu á sér. Það vill neyða skapara sinn til að taka ábyrgð á þessari upprunalegu synd hans, í raun má segja að það kalli til skapara síns til að segja „ég dreg þig, Guð, til ábyrgðar“, eins og skrumskældur Émile Zola sem kallar „j'accuse“ að skapara sínum og krefst réttlætis. Hér má ef til vill sjá samlíkingu við ákall nútímasamfélagsins sem ekki vill lengur beygja sig undir kirkjulegar kennisetningar og takmarkanir, þ.e. kröfu um aðgreiningu hins trúarlega og hins veraldlega. Skrímslið vill neyða Frankenstein til að taka ábyrgð á illgjörð sinni í stað þess að einfaldlega beygja sig undir vald hans og sýna undirgefni:

Jafnvel þú, skapari minn, fyrirlítur mig og vísar mér burt, þinni eigin sköpun, sem þú ert tengdur böndum sem aðeins losna við það að annar hvor okkar afmáist. Þú ætlar að drepa mig. Hvernig vogarðu þér að leika þér þannig með lífið? Gerðu skyldu þína við mig, og ég skal gera mína við þig og alla aðra.

39 Sama, bls. 116.

Ef þú gengur að mínum skilyrðum þá skal ég láta þig og aðra í friði, en ef þú neitar skal ég fylla vömb dauðans uns hann er settur af blóði þeirra vina þinna sem enn eru á lífi.⁴⁰

Það afneitar almætti skapara síns með þessum kröfum, með því að lofa að vera góður og hlýðinn, en bara eftir að skaparinn hefur gert það sem hann krefst. Á sama hátt hefur maðurinn afneitað almætti Jehóva með því að viðurkenna ekki lengur takmarkanir kirkjulegra kennisetninga á frelsi vilja síns og leyfa sér að leita út fyrir ramma gyðing-kristilegrar hugsunar til að leita svara og réttlætis í tilvist sinni. Þannig er viðsnúningur valdsins orðinn alger, skrímslið, þ.e. mannkynið, orðið miðjan og Frankenstein, þ.e. guðsímýndin, færð endanlega út á jaðarinn. Þegar maðurinn hefur fært sig inn á miðjuna og Guð út á jaðarinn, eins og gerist í umbyltingu evrópskrar heimsmýndar með tilkomu efahyggju og rökvísi, byrja og enda gjörðir mannsins og allar afleiðingar þeirra hjá honum sjálfum. Af því maðurinn getur efast um Guð, og almætti hans, hefur hann frjálstan vilja, þar af leiðandi liggur endanleg ábyrgð hjá honum, en engu utanaðkomandi valdi, því hann er sjálfur orðinn valdhafinn. Nútímasamfélag hefur í raun afbyggt hugmyndina um hinn almáttuga Guð einfaldlega með því að efast um almætti hans og líta til sjálfs síns sem vitundarmiðjunnar í stað hans. Þannig hefur það fært hann út á jaðarinn og tekið sér hina hefðbundnu stöðu hans sem meistari og eigandi jarðarinnar:

Þú ert skapari minn en ég er húsbóndi þinn. Hlýddu!⁴¹

Maðurinn hefur áskilið sér rétt til þess að hafa frjálstan vilja og beita honum og axlar þar með ábyrgð á eigin gjörðum, þannig hefur hann afbyggt og sagt skilið við eigin ímynd af sjálfum sér sem viljalausri sköpun almáttugar veru. Þannig hefur maðurinn tortímt sjálfum sér, sem sköpunarverki Guðs. Á sama hátt axlar skrímslið að lokum ábyrgð á eigin gjörðum sem og á ónáttúrulegum uppruna sínum, og þar af leiðandi einnig á misgjörðum skapara síns, og tortímir sjálfu sér, sköpunarverkinu, úti á íshafi við norðurhjara veraldar.

40 Sama, bls. 115.

41 Sama, bls. 198.

3. kafli – Niðurlag

Til að renna styrkari stoðum undir þá hugmynd að skrímslið sé eins konar birtingarmynd fyrir mannkynið í heild sinni sem og holdgerving nýrrar heimsmyndar sem er að fæðast þegar skáldsagan er skrifuð, eins og fram kemur í kafla 2, ber að líta til Hegel, eins fremsta hugsuðar Evrópu, en nánast öll nútímaheimspeki byggir að einhverju leyti á skrifum hans. Til að byrja með er áhugavert að líta til þess sem Hegel sagði um hið heimssögulega ferli sem mannkynið hefur gengið í gegnum frá örófi alda til samtíma hans í bókinni *Phenomenology of Spirit* sem kom út fáeinum árum áður en Shelley skrifaði *Frankenstein*, en Kristján Árnason tekur það saman í grein sinni, *Mótsögn og miðlun – Inngangur að heimspeki Hegels*. Þetta þroskaferli mannkynsins og þróun vitundarinnar er sett upp sem viss hliðstæða við þroskaferil einstaklingsins frá frumbersku til fullorðinsára, en glögglega má sjá hvernig þetta ferli kallast á við þroskaferli skrímslisins:

Þessi stigþróun er þannig knúin af innri mótsögnum hvers sjónarmiðs eða stigs um sig, og stríð þeirra verður jafnframt einskonaar fæðingarhríðir nýs sjónarmiðs eða stigs, og þannig birtast smám saman meginþættir vitundar, en þeir eru: Í fyrsta lagi hlutvitund og skilningur, í öðru lagi sjálfsvitund, í þriðja lagi skynsemi og í fjórða lagi siðferðisvitund eða andi.⁴²

Fyrsti þáttur þessa þroskaferlis er svonefnd „hlutvitund“ og „skilningur“, sem lýst er á eftirfarandi hátt: „*Á fyrsta og neðsta stigi vitundarinnar skoðar hún veruleikann sem safn einangraðra og sjálfstæðra staðreynda eða hluta, sem hún hefur beina vissu um og fellir einfalda dóma um, á borð við „nú er nótt“, „hér er tré“ eða „þetta er kringlótt borð“.*“⁴³ Þessi þáttur í þróun vitundarinnar samsvarar að vissu leyti fyrstu skynjunum barns þar sem það byrjar að greina umhverfi sitt og skilgreina það. Þetta kallast mjög greinilega á við lýsingu skrímslisins á því þegar það dvelur í skóginum og skilgreinir umhverfi sitt, t.d. þegar það uppgötvar eld í fyrsta sinn.

Annar þátturinn er „sjálfsvitundin“, sem lýst er á eftirfarandi hátt: „*En eiginleg vitund um sjálfan mig sem afmarkaðan einstakling þróast þó ekki nema í tengslum við*

42 Kristján Árnason, „Mótsögn og miðlun – Inngangur að heimspeki Hegels“, í *Hið fagra er satt*, ritstj. Þorsteinn Þorsteinsson (Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, 2004), 61-81, á bls. 66.

43 Sama, bls. 66.

*eða andspænis annarri samskonar vitund utan mín [...].*⁴⁴ Hér má sjá hliðstæður við það tímabil sem skrímslið uppgötvar sjálft sig, þ.e.a.s. þegar það uppgötvar afskræmingu sína og ónáttúrulegan uppruna og gerir sér grein fyrir muninum á sér og því fólki sem það fylgist með og þráir jafnframt að tengjast. Skrímslið verður þá í fyrsta sinn aðskilin vera frá umheiminum og öðru fólki, bæði í bókstaflegum skilningi þar sem það felur sig í skóginum og í yfirfærðri merkingu þegar það verður að sjálfstæðri veru með eigin sjálfsímynd.

Þriðji þátturinn í ferlinu er „skynsemi“, sem lýst er á eftirfarandi hátt: „[...] skynsemin (Vernuft) *eins og hún er skilin og skilgreind af hughyggjunni, þ.e. sem „vissa vitundarinnar um að vera allur veruleikinn“ [...]. Að svo komnu máli leitar því maðurinn sín í sjálfsframkvæmd [...]. Endamörkum sínum nær skynsemin í lýsingu Hegels þar sem hún vill setja fram almenn, bindandi lög fyrir breytni manna [...].*⁴⁵ Á þessu stigi ferlisins ákveður skrímslið að takast á við uppruna sinn og mæta skapara sínum augliti til auglitis. Það vill krefja hann um svör og jafnvel yfirbót, m.ö.o. vill það setja „bindandi lög fyrir breytni“ sína og skapara síns einnig. Skrímslið afneitar almætti skapara síns og áskilur sér þar með réttinn að frjálsum vilja. Upp frá þeim punkti framkvæmir það sjálft eigin óskir, en fylgir ekki bara fyrirfram ákveðnum veg skapara síns og heimsmýndar.

Fjórði og síðasti þátturinn í þessari heimssögulegu þróun mannshugans er „siðferðisvitund“, og grundvöllur hennar, „andi“, sem er lýst á eftirfarandi hátt: „*Hún byggist ekki á boðorðum og almennum skyldum sem skynsemin hefur klambrað saman, heldur innsýn inn í andlegan veruleika, óskráð lög sem eru ekki frá því í dag eða gær heldur frá ómunatíð.*“⁴⁶ Þegar skrímslið horfist að lokum í augu við eigin misgjörðir og ákveður að tortíma sjálfu sér má skoða það sem „innsýn í óskráð lög frá ómunatíð“, en með því að tortíma sér hefur skrímslið axlað ábyrgð á glæpum sínum og útdeilt sjálft refsingu sinni.

Rétt eins og hin heimssögulega þróun mannsins hefur leitt hann úr einni heimsmýnd yfir í aðra má einnig líta á þróun skrímslisins sem hugmyndasögulega þróun sem nær hámarki sínu þegar skrímslið brýtur af sér bönd fyrri heimsmýndar sinnar og tekst á við sköpun sína og skapara. Þannig verður skrímslið að holdgervingi nýrrar

44 Sama, bls. 68.

45 Sama, bls. 69-70.

46 Sama, bls. 70.

heimsmyndar sem fyrst varð til, áhrifalaus og veikburða, en þroskast svo og stækkar smátt og smátt þar til hún tekur yfir og brýtur á bak hina fyrri heimsmynd.

Besides it is not difficult to see that ours is a birth-time and a period of transition to a new era. Spirit has broken with the world it has hitherto inhabited and imagined, and is of a mind to submerge it in the past, and in the labour of its own transformation. Spirit is indeed never at rest but always engaged in moving forward. But just as the first breath drawn by a child after its long quiet nourishment breaks the gradualness of merely quantitative growth – there is a qualitative leap, and the child is born – so likewise the Spirit in its formation matures slowly and quietly into its new shape, dissolving bit by bit the structure of its previous world, whose tottering state is only hinted at by isolated symptoms. The frivolity and boredom which unsettle the established order, the vague foreboding of something unknown, these are the heralds of approaching change. The gradual crumbling that left unaltered the face of the whole is cut short by a sunburst which, in one flash, illuminates the features of the new world.⁴⁷

Hér talar Hegel um samtíma sinn og lýsir því umróti og byltingu sem á sér stað í hugsun, viðhorfi og skilgreiningu mannsins á heimsmynd sinni. Hann segir manninn vera tilbúinn til að segja endanlega skilið við fyrri skilgreiningar sínar á tilverunni og vísar þar til gyðing-kristilegrar heimsmyndar eins og hin kristna kirkja hefur haldið á lofti um aldir og einkennt hefur vestræna hugsun. Hann lýsir því að maðurinn sé í stöðugri þróun, að samfélag hans taki sífellt framförum. Því næst líkir hann skyndilegri byltingu í hugmyndum mannsins um sjálfan sig og eðli heimsins við fæðingu barns. Hin nýja hugsun og heimsmynd verður til, eins og fóstur í móðurlífi, og vex í ró og næði, fjarlægt frá umheiminum. Þegar barnið fæðist tekur það skyndilega stakkaskiptum í eðli sínu. Barnið, þ.e. hugmyndin, verður skyndilega órjúfanlegur hluti af þessum heimi. Á sama hátt bíður tíðarandinn, hin nýja heimsmynd, meðan hugmyndin vex smátt og smátt og þroskast yfir í sitt nýja form. Jafnframt brýtur hin nýja heimsmynd þá gömlu smátt

⁴⁷ Georg Wilhelm Friedrich Hegel, *Phenomenology of Spirit*, þýðandi Arnold Vincent Miller (Oxford: Oxford University Press, 1977), bls. 6-7.

og smátt niður eins og sést á einkennum í tíðarandanum. Léttlyndi og lífsleiði setja mark sitt á hina viðurkenndu skipan hlutanna og gefa til kynna óljósan grun um að eitthvað annað sé í vændum, þ.e. hin nýja heimsmynd sem kemur í stað fyrir hina gömlu. Þetta hæga niðurbrot breytir í raun hvorki ásýnd hlutanna né eðli þeirra, þar til það er skyndilega rofið með sólarupprásinni sem bregður leiftri yfir hina nýju heimsmynd.

Með þessa tilvitnun til hliðsjónar má bersýnilega skoða skrímslið sem þetta barn, og þar með sem holdgerving þeirrar umbyltingar í skilgreiningu heimsmyndarinnar og hugmynda mannsins um sjálfíð. Skrímslið er skapað, það þroskast smátt og smátt í hljóði, ósnert af umheiminum, líkt og fóstur sem vex í móðurlífi en er ekki fullmótað ennþá. Þegar skrímslið uppgötvar tilurð sína, er hafnað af mannkyninu og ákveður að sækja skapara sinn til saka, fæðist það í raun sem skrímslið, sem hin nýja hugmynd og heimsmynd. Í þessu leiftri af bræði og örvæntingu skrímslisins kolfellur hin gamla heimsmynd og hin nýja fæðist þar sem sköpunarverkið, þ.e. mannkynið, efast um almætti skapara síns og rétt hans til að drottna yfir lífinu. Það krefst réttlætis og yfirbóta og segir svo loks skilið við skaparann og það sjálf sem áður var.

Eins og fyrr segir hefur skrímsli Frankenstein, boðberi hinnar nýju heimsmyndar veraldlegrar efahyggju, sett sig, og þar með mannkynið í miðjuna og fært hugmyndina um hinn almáttuga og alvitra skapara út á jaðarinn. Með frelsi viljans hefur maðurinn tekið sér fyrri hlutverk guðsímýndarinnar og skilgreinir sjálfan sig sem uppruna og uppsprettu lærdóms og þekkingar, m.ö.o. verður rökvísi mannsins að vitundarmiðjunni í stað Jehóva. Engin yfirnáttúruleg boð eða bönn gilda um þekkingarleit mannsins lengur og þróunin verður takmarkalaus. Þetta viðhorf er greinilegt í óhömdu þekkingarblæti Frankenstein sem hikar ekki við að beita þekkingu sinni til að skapa skrumskælingu á náttúrulögmálunum og hjá Walton sem ætlar sér að finna sjóleiðina til Norðurpólsins, sama hve mörg mannlíf sú för kann að kosta. Í þessu felst ákveðin viðvörðun, eða viðhorf, sem kallast á við 20. aldar heimspekinganna Wittgenstein og lærling hans, von Wright, en báðir voruðu við óbilandi trú á vísinda- og tækniþróun. Töldu báðir að hættan fólgin í þessari ofurtrú á vísindin, og þekkingu mannsins, væri sú að menn mistúlkuðu alla þróun jafngilda framförum. Þá hugsun sögðu þeir vera blekkingu, án þess þó að halda fram að vísinda- og tækniþróun gæti ekki leitt til framfara. Til þess að svo yrði þyrfti maðurinn að gera sér grein fyrir siðferðislegri ábyrgð sinni á gjörðum sínum og sköpunarverkum. Án siðferðisvitundar þess sem skapar, eða þróar, getur

sköpun ekki leitt til framfara.

Innan hinnar gömlu gyðing-kristilegu heimsmyndar sem skilgreind var út frá texta Biblíunnar var í raun öll þekkingarleit mannsins forboðin, einungis sú þekking sem Jehóva deildi út til mannsins stóð honum til boða. Sömuleiðis var í raun engin þróun möguleg af því sköpunarverk hins almáttuga Guðs var endanlegt og fullkomið. Þar af leiðandi gat maðurinn ekki verið með frjálsan vilja heldur einungis fylgt fyrirfram ákveðinni braut sem Jehóva lagði við upphaf veraldar. Siðferðileg ábyrgð mannsins á eigin gjörðum er því lítil sem engin, enda getur hann ekki valið að hegða sér öðruvísi en skapari hans ætlaði honum.

Í hinni nýju heimsmynd er megináherslan lögð á frelsi viljans og þar með siðferðilega ábyrgð mannsins. Vegna þess að vilji mannsins er frjálst hefur hann einungis rökvísi sína að leiðarljósi í eilífri viðleitni sinni til að bæta heiminn, sem er ekki endanlegt og fullkomnað sköpunarverk. Þekkingarleitinn og þróun tækni og vísinda skiptir því miklu máli, en hún leiðir ekki sjálfkrafa til framfara heldur getur hún jafnvel orðið mannum skaðleg, eins og Frankenstein hefur gert sér grein fyrir undir lok ævi sinnar þegar hann ræðir við Walton:

„Þér leitið visku og þekkingar eins og ég gerði eitt sinn og ég vona af öllu hjarta að uppfylling óska yðar verði ekki naðra sem heggur yður, eins og í mínu tilfalli.“⁴⁸

Maðurinn getur aflað sér ótakmarkaðrar þekkingar og hann getur meira að segja skapað hluti sem áður voru óhugsandi og stigið út fyrir sköpunarverk hins áður almáttuga Guðs, en hann mun alltaf þurfa að kljást við afleiðingar gjörða sinna og hvernig hann nýtir vald sitt.

48 Mary Wollstonecraft Shelley, *Frankenstein – eða hinn nýi Prómóþeus*, bls. 33.

Heimildaskrá

Bibllan, Heilög ritning, Gamla testamentið og nýja testamentið (Reykjavík: Hið íslenska Bibliúfélag, 19xx)

Davis, Adam Hart, *Sagan – Leiðsögn í máli og myndum*, þýðandi Karl Emil Gunnarsson og Guðni Kolbeinsson (Reykjavík: JPV Útgáfa, 2009)

„Free Will“ á vefnum *Catholic Encyclopedia*, ritstj. Kevin Knight (2009).

<<http://www.newadvent.org/cathen/06259a.htm#chr>> [skoðað 04/04/2010]

Gilje, Nils & Skirbekk, Gunnar, *Heimspækisaga*, þýðandi Stefán Hjörleifsson (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 1999)

Hegel, Georg Wilhelm Friedrich, *Phenomenology of Spirit*, þýðandi Arnold Vincent Miller (Oxford: Oxford University Press, 1977)

Kristján Árnason, „Mótsögn og miðlun – Inngangur að heimspeki Hegels“, í *Hið fagra er satt*, ritstj. Þorsteinn Þorsteinsson (Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, 2004), 61-81

The Oxford Companion to English Literature, ritstj. Margaret Drabble, 5. útg. (Oxford: Oxford University Press, 1985), fyrst útg. 1932

Shelley, Mary Wollstonecraft, *Frankenstein – eða hinn nýi Prómóþeus*, þýðandi Böðvar Guðmundsson (Reykjavík: JPV Útgáfa, 2006)